

# **VELFERÐARVAKTIN**

## **Suðurnesjavaktin**



### **Úrræði og athafnir á sviði velferðarmála á Suðurnesjum 2012**

---

**Suðurnesjavaktin**

Febrúar 2012

Bæklingur um úrræði og athafnir á sviði velferðarmála á Suðurnesjum er ætlaður öllum þeim sem starfa við ráðgjöf og þjónustu við fjölskyldur og einstaklinga á svæðinu. Hann er unninn af Suðurnesjavaktinni sem tók til starfa snemma árs 2011 að tilstuðlan velferðarvaktarinnar, með stuðningi stjórnvalda. Í bæklingnum er að finna upplýsingar um fjölbreytt námsúrræði og félagsleg úrræði, atvinnuúrræði, forvarnastarf og fleira.

Suðurnesjavaktin er einn af átta vinnuhópum velferðarvaktarinnar en hlutverk hennar er að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins fyrir fjölskyldur og einstaklinga í landinu með markvissum hætti og gera tillögur um aðgerðir í þágu heimilanna. Velferðarvaktin er óháður álitsgjafi sem leggur fram tillögur til stjórnvalda og hagsmunaaðila.

Tengiliður:

Lovísa Lilliendahl verkefnisstjóri.

s. 512 4939. Netfang: [lovisa.lilliendahl@vel.is](mailto:lovisa.lilliendahl@vel.is)

[velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin](http://velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin)

## Yfirlit

---

<b>1</b>	<b>ATVINNUMÁL</b>	4
<b>2</b>	<b>MENNTAMÁL</b>	5
	FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA	5
	KEILIR	5
	MÍÐSTÖÐ SÍMENNTUNAR Á SUÐURNESJUM	5
	FISKTÆKNISKÓLINN	5
<b>3</b>	<b>FÉLAGSÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA</b>	
	FÉLAGSÞJÓNUSTAN Í REYKJANESBÆ	6
	FÉLAGSÞJÓNUSTAN Í GRINDAVÍK	6
	GARÐUR/SANDGERÐI/VOGAR	6
<b>4</b>	<b>FORVARNARSTARF</b>	
	SAMTAKA HÓPURINN	7
	FÉLAGSMÍÐSTÖÐVAR	7
	FFFGÍR	7
	LUNDUR FORVARNARFÉLAG	8
<b>5</b>	<b>FRÆÐSLUSKRIFSTOFUR</b>	
	FRÆÐSLUSKRIFSTOFA REYKJANESBÆJAR	9
	SKÓLASKRIFSTOFA GRINDAVÍKURBÆJAR	9
<b>6</b>	<b>HEILBRIGÐISMÁL</b>	
	HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA	10
	HEILSUGÆSLAN Í GRINDAVÍK	10
<b>7</b>	<b>VIRKNI- OG STARFSENDURHÆFINGARÚRRÆÐI</b>	
	SAMVINNA	11
	VIRKJUN	11
	BJÖRGIN – GEÐRÆKTARMÍÐSTÖÐ SUÐURNESJA	11
	FJÖLSMÍÐJAN Á SUÐURNESJUM	11
	VIRK	12
<b>8</b>	<b>FJÁRMÁL</b>	
	UMBOÐSMAÐUR SKULDARA	13
	SÝSLUMAÐURINN Í KEFLAVÍK	13
<b>9</b>	<b>ÞJÓÐKIRKJAN</b>	
	KEFLAVÍKURKIRKJA	15
	NJARÐVÍKURKIRKJA	15
	ÚTSKÁLA- OG HVALSNESSÓKN	15
	GRINDAVÍKURKIRKJA	15
	KÁLFATJARNARKIRKJA	15
<b>10</b>	<b>STÉTTARFÉLÖG Á SUÐURNESJUM</b>	16
<b>11</b>	<b>ÞRIÐJI GEIRINN – FRÆÐSLA OG FORVARNIR</b>	
	RAUÐI KROSSINN	17
	ÞROSKAHJÁLP Á SUÐURNESJUM	17
	AA-SAMTÖKIN	17
	HJÁLPRÆÐISHERINN	17
	FJÖLSKYLDUHJÁLP ÍSLANDS	17
<b>12</b>	<b>FÉLAGSSTARF ELDRI BORGARA</b>	18

# 1 Atvinnumál

---

## Vinnumálastofnun Suðurnesjum

Launafólk og sjálfstætt starfandi einstaklingar á aldrinum 16–70 ára sem eru atvinnulausir geta skráð sig hjá Vinnumálastofnun og átt rétt á atvinnuleysisbótum, að því tilskildu að hafa áunnið sér tryggingarétt og uppfylli ákveðin skilyrði. Opið virka daga klukkan 9.00–15.00. Vinnumálastofnun býður upp á fjölbreytt úrræði fyrir atvinnulausa:



### Átaksverkefni

- [Ungt fólk til athafna](#) (UFTA) er ætlað einstaklingum 16-29 ára sem hafa verið atvinnulausir í þrjá mánuði eða lengur. Markmiðið er að virkja þessa einstaklinga til þátttöku í fjölbreyttum vinnumarkaðsúrræðum.
- [Þekking og reynsla](#) (ÞOR) er ætlað einstaklingum 30 ára og eldri sem hafa verið atvinnulausir í þrjá mánuði eða lengur. Markmiðið er að virkja þessa einstaklinga til þátttöku í fjölbreyttum vinnumarkaðsúrræðum.

### Vinnumarkaðsúrræði

Námsúrræði, sjálfbæðiastörf, atvinnutengd endurhæfing, eigið frumkvöðlastarf, starfsorka frumkvöðlar, starfsþjálfun og reynsluráðning.

### Ráðgjöf

Hópfundir og einstaklingsráðgjöf.

- Linda Ásgrímsdóttir skrifstofustjóri, s. 421 8400  
Netfang: [linda.asgrimsdottir@vmst.is](mailto:linda.asgrimsdottir@vmst.is)  
[www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)  
Vinnumálastofnun Suðurnesjum, Krossmóa 4a, Reykjanesbæ

## 2 Menntamál

### Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Hlutverk Fjölbrautaskóla Suðurnesja er kennsla til stúdentsprófs á bóknámsbrautum, eins til tveggja ára nám á starfsnámsbrautum og kennsla til lokaprófs á iðn- og verknámsbrautum, með áfanga- og fjölbrautasniði. Námsframboðið er mjög fjölbreytt og gert til að mæta þörfum sem flestra. Auk þess býður skólinn upp á starfsbraut sem ætluð er nemendum sem þurfa aukna aðstoð ýmist við nám eða athafnir daglegs lífs. Kvöldskóli er starfræktur fyrir þá sem ekki geta sótt nám í dagskóla. Undanfarin ár hefur verið boðið upp á valáfanga fyrir nemendur 10. bekkja grunnskólanna á svæðinu.

Skólinn starfrækir sjóð sem nemendur geta leitað í vegna aðstoðar á innritunar- og efnisgjöldum, en beiðnin þarf að koma í gegnum félagsþjónustuna á svæðinu. Einnig geta nemendur sótt um styrk í styrktarsjóð Gísla Torfasonar.



- Kristján Ásmundsson aðstoðarskólameistari, s. 421 3100  
Netfang: [kras@fss.is](mailto:kras@fss.is) - [www.fss.is](http://www.fss.is)  
Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Sunnubraut 36, Reykjanesbæ

### Keilir

Starfsemi Keilis samanstendur af fjórum skólum: [Háskólabrú](#) þar sem fram fer undirbúningsnám fyrir háskólanám; [Heilsuskóla](#) sem leggur áherslu á að þróa og bjóða upp á nám á sviði heilsu, heilbrigðis, íþrótt- og uppeldisfræða; [Orku- og tækniskóla](#) sem býður upp á þverfaglegt nám í orku- og umhverfistækni- og mekatrónískri tækni- og verkfræðideild Háskóla Íslands; og [Flugakademíu](#) sem býður upp á einka- og atvinnuflugnám, flugrekstrarnám, flugþjónustunám og nám í flugumferðarstjórn. Keilir býður einnig upp á nám í verkefna- og viðburðastjórnun og fjarnám. Auk þess rekur Keilir rannsóknarstofu og fimm flugvélar. Þá annast Keilir útleigu íbúða á Ásbrú fyrir Háskólavelli.



- Hjálmar Árnason framkvæmdastjóri, s. 578 4000  
Netfang: [hjalmar@keilir.net](mailto:hjalmar@keilir.net) - [www.keilir.net](http://www.keilir.net)  
Keilir, Grænásbraut 910, Reykjanesbæ

### Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

MSS býður upp á fjölbreytt nám: Starfstengt nám, íslensku fyrir útlendinga, fullorðinsfræðslu fyrir fatlaða, námskeið fyrir Pólverja og fleira. Einnig er boðið upp á ráðgjöf, greiningu og aðra þjónustu við nemendur, almenning, fyrirtæki og fleiri. MSS býður upp á ýmiss konar nám og þjónustu fyrir þá sem hafa fallið út af vinnumarkaði. Einnig er boðið upp á fjarnám á framhalds- og háskólastigi. MSS á í góðu samstarfi við aðila sem bjóða upp á virkni- og starfendurhæfingu á svæðinu, meðal annars um námskeiðahald, kennslu og fleira.



- Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður, s. 421 7500  
Netfang: [ina@mss.is](mailto:ina@mss.is) - [www.mss.is](http://www.mss.is)  
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), Krossmóa 4, Reykjanesbæ

### Fisktækniskólinn

Fisktækniskólinn býður upp á tveggja ára einingabært nám, með áherslu á vinnustaðþjálfun og atvinnulífið. Námsárið skiptist í eina önn í skóla með áherslu á faggreinar og eina önn á vinnustað undir leiðsögn tilsjónarmanns. Fólk sem vill hasla sér völl í þeim greinum sem skólinn býður upp á fær því tækifæri á að mynda góðar tengingar út í atvinnulífið auk þess að búa sig undir frekara nám. Náminu lýkur með framhaldsskólaprófi. Skólinn býður upp á fjölbreyttar námsleiðir sem þróaðar hafa verið í nánú samstarfi við greinina og gefur námið bæði miklar framtíðaratvinnumöguleika auk réttinda til frekara náms í öðrum skólum, bæði héraðs- og erlendis. Boðið er upp á nám í fiskvinnslu, sjómennsku, fiskeldi, sjókokk, netagerð og önnur námskeið.



- Ólafur Jón Arnbjörnsson framkvæmdastjóri, s. 412 5965  
Netfang: [olijon@fss.is](mailto:olijon@fss.is) - [www.fiskt.is](http://www.fiskt.is)  
Fisktækniskólinn, Víkurbraut 56, Grindavík

### 3 Félagsþjónusta sveitarfélaga

---

Félagsþjónusturnar á svæðinu eru í Reykjanesbæ, Grindavík og Sandgerði en rekin er sameiginleg félagsþjónusta fyrir Sandgerði, Garð og Voga.

Félagsþjónustan starfar eftir lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og þar er veitt þjónusta varðandi fjárhagsaðstoð, félagsráðgjöf, húsnæðismál, málefni fólks með fötlun, málefni aldraðra og félagslega heimaþjónustu. Málefni er varða barnavernd eru einnig á hendi sveitarfélaganna. Auk þess eru málefni er varða fjölmenningu á könnu sveitarfélaganna.

#### **Félagsþjónustan í Reykjanesbæ, Tjarnargötu 12, Reykjanesbæ**

- Hjördís Árnadóttir félagsmálastjóri, s. 421 6700  
Netfang: [hjordis.arnadottir@reykjanesbaer.is](mailto:hjordis.arnadottir@reykjanesbaer.is)  
Skrifstofur Reykjanesbæjar eru opnar klukkan 9.15–15.30.

#### **Félagsþjónustan í Grindavík, Víkurbraut 62, Grindavík**

- Nökkvi Már Jónsson, skóla- og félagsmálastjóri, s. 420 1100  
Netfang: [nmj@grindavik.is](mailto:nmj@grindavik.is)  
Skrifstofur Grindavíkurbæjar eru opnar klukkan 9.30–15.00.

#### **Garður/Sandgerði/Vogar, Miðnestorgi 3, Sandgerði**

- Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir félagsmálastjóri, s. 420 7555  
Netfang: [kristin@sandgerdi.is](mailto:kristin@sandgerdi.is)  
Skrifstofur Sandgerðisbæjar eru opnar klukkan 9.00–16.00.

## 4 Forvarnarstarf

---

### SAMTAKA hópurinn

SAMTAKA er þverfaglegur samstarfshópur um forvarnir í Reykjanesbæ. Í honum eiga sæti fulltrúar foreldra, grunn- og framhaldsskóla, lögreglunnar, heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Reykjanesbæjar. SAMTAKA hópurinn er aðili að SAMAN hópunum en að honum starfa sveitarfélög um land allt.

■ Hera Ósk Einarsdóttir, verkefnisstjóri forvarna, s. 421 6700  
Netfang: [hera.o.einarsdottir@reykjanesbaer.is](mailto:hera.o.einarsdottir@reykjanesbaer.is)

Sveitarfélögin Sandgerðisbær, Garður og Vogar ásamt lögreglunni á Suðurnesjum starfa saman í forvarnarhópnum VÖRN.

### FÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

#### 88 húsið

88 húsið er menningarmiðstöð fyrir 16 ára og eldri í Reykjanesbæ þar sem fram fer fjölbreytt starfsemi fyrir ungt fólk, fræðsla, fyrirlestrar, forvarnastarf, ýmsir viðburðir og fleira. Í 88 húsinu fer einnig fram starfsemi Fjörheima sem er félagsmiðstöð fyrir unglinga í 8.–10. bekk.



■ Hafþór Birgisson, tómstundafulltrúi Reykjanesbæjar, s. 421 8890  
Netfang: [hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is](mailto:hafthor.birgisson@reykjanesbaer.is) - [www.88.is](http://www.88.is)  
88 húsið og Fjörheimar, Hafnargötu 88, Reykjanesbæ

#### Pruman félagsmiðstöð

Kristinn Reimarsson, sviðstjóri frístunda og menningar sviðs.  
Netfang: [kreim@grindavik.is](mailto:kreim@grindavik.is)

#### Eldingin í Garði

Guðbrandur J. Stefánsson, íþrótt- og tómstundafulltrúi.  
Netfang: [gudbrandurjs@svgardur.is](mailto:gudbrandurjs@svgardur.is)

#### Skýjaborg í Sandgerði

Umsjón með íþrótt- og æskulýðsmálum í Sandgerði hefur:  
Guðjón Þ. Kristjánsson. Netfang: [gudjon@sandgerdi.is](mailto:gudjon@sandgerdi.is)

#### Boran í Vogum

Stefán Arinbjarnarson, frístunda- og menningarfulltrúi  
Netfang: [stefan@vogar.is](mailto:stefan@vogar.is)

### Foreldrafélög grunnskólanna í Reykjanesbæ (FFGÍR)

FFGÍR eru regnhlífarsamtök foreldrafélaga grunnskólanna í Reykjanesbæ. Skólarnir eru Akurskóli, Heiðarskóli, Holtaskóli, Myllubakkaskóli, Njarðvíkurskóli og Háaleitisskóli. FFGÍR er vettvangur þar sem foreldrafélögin setja fram stefnumið sín og vinna saman að ýmsum málum. FFGÍR hefur staðið fyrir ýmsum fyrirlesturum, málþingi, starfsdögum og öðru sem snýr að málefnum barna, foreldra og skóla. FFGÍR er málsvari foreldra grunnskólabarna í bæjarfélaginu og gefur umsagnir um ýmis málefni sem skólana varðar. Öll verkefni FFGÍR eru forvarnaverkefni.



- Ingigerður Sæmundsdóttir verkefnisstjóri, s. 868 4495  
Netfang: [ffgir@ffgir.is](mailto:ffgir@ffgir.is) - [www.ffgir.is](http://www.ffgir.is)
- Foreldrafélag grunnskólans í Garði – Herborg Hjálmaradóttir formaður: [herborghj@simnet.is](mailto:herborghj@simnet.is)
- Foreldrafélag grunnskólans í Sandgerði – Þórdís Marteinsdóttir formaður: [v20@simnet.is](mailto:v20@simnet.is)

- Foreldrafélag grunnskólans í Grindavík – Ingvar Gunnlaugsson formaður: [ingvar@grindavik.is](mailto:ingvar@grindavik.is)
- Foreldrafélag grunnskólans í Vogum – Kristinn Benediktsson formaður: [kb@rafal.is](mailto:kb@rafal.is)
- FFGÍR (Foreldrafélög grunnskólanna í Reykjanesbæ)

### Lundur forvarnarfélag

Lundur styður við bakið á þeim sem eru að fara í meðferð vegna neyslu áfengis og fíkniefna og sem eru að koma úr henni. Einnig er lögð áhersla á að hjálpa aðstandendum þeirra. Lundur býður upp á ráðgjöf, stuðning fyrir þá sem hafa verið edrú lengur en tíu daga, foreldrafræðslu, NA-deild (Narcotics Anonymous) og Al-Anon fundi.

Hægt er að óska eftir fræðslu, kynningu á afleiðingum misnotkunar á vímuefnum og áhrifum á aðstandendur, til dæmis fyrir skóla, fyrirtæki og stofnanir.

- Erlingur Jónsson, s. 772 5463  
Netfang: [lundur@mitt.is](mailto:lundur@mitt.is) - [www.lundur.net](http://www.lundur.net)  
Lundur forvarnarfélag, Suðurgötu 15, Reykjanesbæ



## 5 Fræðsluskrifstofur

---

### Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar annast stjórnslu, rekstur og þjónustu vegna uppeldis- og menntamála í Reykjanesbæ. Einnig annast fræðsluskrifstofan sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla Reykjanesbæjar sem og grunn- og leikskóla í nágrennabyggðarlögunum Sandgerði, Garði og Vogum.



Fræðsluskrifstofan sér einnig um ýmis fræðslumál eins og til dæmis SOS-námskeið, ART-námskeið, kennslu innflytjenda og fleira. Opið klukkan 9.15–15.30.

- Gylfi Jón Gylfason fræðslustjóri, s. 421 6700  
Netfang: [gylfi.j.gylfason@reykjanesbaer.is](mailto:gylfi.j.gylfason@reykjanesbaer.is)  
[Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar, Skólavegi 1, Reykjanesbæ](#)

### Skólaskrifstofa Grindavíkurbæjar

Verkefni skólaskrifstofu taka til leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á vegum Grindavíkurbæjar. Skólaskrifstofan sér einnig um sérfræðiþjónustu ásamt greiningu og ráðgjöf fyrir einstaka nemendur. Opið klukkan 9.30–15.00.



- Nökkvi Már Jónsson, skóla- og félagsmálastjóri, s. 420 1100  
Netfang: [nmj@grindavik.is](mailto:nmj@grindavik.is)  
[Skólaskrifstofa Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, Grindavík](#)

## 6 Heilbrigðismál

---

### Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sinnir allri heilsugæslu og almennri sjúkráhusþjónustu ásamt öðru sem snýr að heilbrigði og velferð íbúa á Suðurnesjum. Á HSS er möguleiki á að fá félagsráðgjöf, þjónustu sálfræðinga, geðhjúkrunarfræðinga og lækna. Einnig er boðið upp á fræðslu og ráðgjöf er varða heilsuvernd. Hægt er að leita til læknis og hjúkrunarfræðings og fá tilvísun en einnig geta einstaklingar sjálfir haft samband og óskað eftir aðstoð og ráðgjöf. Eigi þeir ekki heimangengt er reynt að aðstoða skjólstæðinga eftir fremsta megni í gegnum síma. Fagfólk, bæði innan og utan HSS, sem starfar við ráðgjöf til einstaklinga í erfiðleikum getur einnig óskað eftir ráðgjöf.



Á HSS er unnið að samhæfingu allrar geð- og sálfélagslegrar þjónustu. Hrönn Harðardóttir ([hronn@hss.is](mailto:hronn@hss.is)) gegnir stöðu yfirhjúkrunarfræðings til að halda utan um þessa þjónustu.

Á HSS er starfandi teymi sérfræðinga: sálfræðinga, félagsráðgjafa, hjúkrunarfræðinga og lækna, sem sinnir þjónustu við börn og fullorðna með geðræn og sálfélagsleg vandamál.

Þar er einnig starfandi áfallateymi sem í sitja fulltrúar HSS, fulltrúar félagsþjónustu sveitarfélaga á svæðinu, kirkjunnar og Rauða krossins.

Fyrir þjónustu og ráðgjöf skal hringja í síma 422 0500. Opnunartími HSS er klukkan 8.00–16.00. Bráðavakt lækna er klukkan 16.00–20.00 virka daga en um helgar klukkan 10.00–13.00 og 17.00–19.00.

- Sigríður Snæbjörnsdóttir framkvæmdastjóri, s. 422 0500  
Netfang: [sigs@hss.is](mailto:sigs@hss.is) - [www.hss.is](http://www.hss.is)  
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS), Skólavegi 6, Reykjanesbæ

### Heilsugæslan í Grindavík

Á heilsugæslunni í Grindavík er boðið upp á læknaþjónustu, sérfræðiþjónustu, almenna hjúkrunarþjónustu, mæðraeftirlit, ungbarnaeftirlit og skólaheilsugæslu. Heimahjúkrun er á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Hægt er að panta símatíma daglega milli klukkan 8.30 - 16.00.

- Heilsugæslan í Grindavík, Víkurbraut 62, s. 422 0750.

## 7 Virkni- og starfsendurhæfingarúrræði

### Samvinna

Samvinna er starfsendurhæfingaúrræði fyrir fólk á aldrinum 18–55 ára sem vegna veikinda, slysa og félagslegra erfiðleika vinna að endurkomu á vinnumarkaðinn. Samvinna er fyrir þá sem eru á örorku- eða endurhæfingarlífeyri hjá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðum, á atvinnuleysisbótum eða á fjárhagsstuðningi sveitarfélaga. Samvinna býður upp á heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda eins og kostur er í samvinnu við félags- og heilbrigðisyfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir og aðra hagsmunaaðila á svæðinu. Um er að ræða námstengda endurhæfingu og heldur Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum utan um þann þátt. Þátttakendum Samvinnu er vísað í starfsendurhæfingu af fagaðilum innan félags- og heilbrigðisþjónustu sveitarfélaganna á Suðurnesjum, ráðgjöfum Vinnumálastofnunar, starfsfólki sjúkrasjóða stéttarfélaga og starfsfólki lífeyrissjóðsins Festa. Þegar tilvísun hefur borist er einstaklingur boðaður í viðtal hjá ráðgjöfum Samvinnu. Samvinna er opin alla virka daga klukkan 8.00–16.00.



- Gerður Pétursdóttir verkefnisstjóri, s. 412 5960  
Netfang: [gerdur@starfs.is](mailto:gerdur@starfs.is) - [www.starfs.is](http://www.starfs.is)  
Samvinna, Krossmóa 4, Reykjanesbæ

### Virkjun

Virkjun er miðstöð fyrir einstaklinga sem eru án atvinnu, öryrkja, eldri borgara og aðra þá sem hafa áhuga á starfsemi. Boðið er upp á úrval námskeiða og fræðslu, uppákomur og fleira, sem er að mestu leyti í umsjón sjálfboðaliða. Lögð er áhersla á að virkja einstaklinga og þá styrkleika sem þeir búa yfir. Virkjun býður einnig upp á AI-Anon fundi. Virkjun er opin alla virka daga klukkan 8.00–16.00.

- Gunnar H. Gunnarsson verkefnisstjóri, s. 426 5388  
Netfang: [gunnar.h.gunnarsson@reykjanesbaer.is](mailto:gunnar.h.gunnarsson@reykjanesbaer.is) - [www.virkjun.net](http://www.virkjun.net)  
Virkjun, Flugvallarbraut 740, Reykjanesbæ

### Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja

Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja er úrræði fyrir fólk með geðheilsuvanda. Lagt er upp með að einstaklingar geti sótt Björgina á mismunandi forsendum og reynt er að koma til móts við þann fjölbreytta hóp sem þangað sækir. Þjónustan skiptist í athvarf, endurhæfingu og eftirfylgd. Björgin starfrækir Geðræktarskólann sem miðar að því að byggja upp og styrkja einstaklinga og auka þannig frekari þátttöku í lífi og starfi. Einnig er boðið upp á sex vikna hugræna atferlismeðferð við þunglyndi og kvíða. Allir geta leitað ráðgjafar í Björgina þar sem starfsfólk veitir stuðning og ráðgjöf um frekari leiðir og úrræði sem standa til boða, innan sem utan Bjargarinnar. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Bjargarinnar. Björgin er opin alla virka daga klukkan 8.00–16.00.



- Hafdís Guðmundsdóttir forstöðumaður, s. 421 6744  
Netfang: [bjorgin@bjorgin.is](mailto:bjorgin@bjorgin.is) - [www.bjorgin.is](http://www.bjorgin.is)  
Björgin – Geðræktarmiðstöð Suðurnesja, Suðurgötu 12 og 15, Reykjanesbæ

### Fjölsmiðjan á Suðurnesjum

Fjölsmiðjan á Suðurnesjum er atvinnutengt úrræði fyrir ungt fólk á krossgötum á aldrinum 16–24 ára sem hefur flosnað upp úr námi eða vinnu. Fjölsmiðjan er vinnusetur og felst starfsemi hennar einkum í framleiðslu vara, faglegri verkþjálfun og ýmiss konar þjónustu. Ungmönnum er hjálpað við að finna sér farveg í lífinu og byggja sig upp fyrir framtíðina. Sækja má um í Fjölsmiðjunni með því að hafa samband við forstöðumann en einnig komast einstaklingar inn í gegnum félagsþjónustu Reykjanesbæjar eða Vinnumálastofnunar. Viðræður eru í gangi við önnur sveitarfélög á svæðinu um aðkomu þeirra að Fjölsmiðjunni og þar með þátttöku einstaklinga sem þar búa. Starfsemi Fjölsmiðjunnar er opin virka daga klukkan 8.30–15.00.

- Ólafur Þór Ólafsson forstöðumaður, s. 421 1551  
Netfang: [oto@fjolsmidjan.net](mailto:oto@fjolsmidjan.net)  
Fjölsmiðjan á Suðurnesjum, Smiðjuvöllum 5, Reykjanesbæ

## VIRK

Þjónusta VIRK er fyrir einstaklinga sem búa við skerta starfsgetu vegna heilsubrests og stefna að aukinni þátttöku á vinnumarkaði. Þau skilyrði sem einstaklingur þarf að uppfylla til þess að nýta sér þjónustu VIRK eru eftirfarandi:



Ef til staðar er heilsubrestur vegna veikinda eða slysa sem veldur skertri starfsgetu og veldur því að einstaklingur getur ekki sinnt starfi sínu. Um er að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma eða mjög tíðar skammtímafjarvistir sem rekja má til heilsubrests viðkomandi.

- Einstaklingur stefnir að aukinni þátttöku á vinnumarkaði.
- Einstaklingur hefur vilja og áhuga á því að vinna með ráðgjafa og öðrum fagaðilum í að efla vinnugetuna.
- Einstaklingurinn er fær um að taka þátt í starfsendurhæfingunni þrátt fyrir heilsufarslegar hindranir, þ.e. einstaklingur hefur lokið bráðameðferð á heilbrigðisstofnunum og er staddur á þeim stað í sínu bataferli að starfsendurhæfing er gagnleg og viðeigandi.

VIRK leggur einnig áherslu á gott samstarf við atvinnurekendur sem miðar meðal annars að því að auka starfshæfni og velferð starfsmanna á vinnumarkaði og styrkja þannig þátttöku í atvinnulífinu og samfélaginu. Bæði einstaklingar og atvinnurekendur geta pantað viðtal hjá ráðgjafa VIRK. Opíð er mánudaga–fimmtudaga klukkan 9.00–16.00 og á föstudögum klukkan 9.00–15.00.

- Guðni Erlendsson ráðgjafi, s. 421 3050  
Netfang: [virik@vsfk.is](mailto:virik@vsfk.is) - [www.virik.is](http://www.virik.is)
- Elfa H. Guttormsdóttir ráðgjafi, s. 421 3050  
Netfang: [elfavirik@vsfk.is](mailto:elfavirik@vsfk.is) - [www.virik.is](http://www.virik.is)

VIRK, Krossmóa 4, Reykjanesbæ

## 8 Fjármál

### Umboðsmaður skuldara

Umboðsmaður skuldara verður tímabundið með útibú hjá sýslumanninum í Keflavík fyrir einstaklinga í fjárhagserfiðleikum. Hlutverk hans er að gæta hagsmuna einstaklinga og veita þeim sem eiga í verulegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausu aðstoð við að öðlast heildarsýn á fjármál sín og leita lausna. Umboðsmaður skuldara getur einnig haft milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottina fyrir einstaklinga, veitt aðstoð við gerð samninga um greiðsluaðlögun og alhliða ráðgjöf og fræðslu um fjármál heimilanna, þeim að kostnaðarlausu. **Hægt er að panta tíma hjá ráðgjafa í síma 512 6600 eða 600 6600. Afgreiðslutími er klukkan 8.30–15.00.**



- Ásdís Leifsdóttir, ráðgjafi í Reykjanesbæ, s. 512 6667  
Netfang: [asdis.leifsdottir@ums.is](mailto:asdis.leifsdottir@ums.is) - [www.ums.is](http://www.ums.is)  
Umboðsmaður skuldara, Vatnsnesvegi 33, Reykjanesbæ

Einnig bjóða bankastofnanir og Íbúðalánasjóður upp á ráðgjöf og þjónustu fyrir einstaklinga í fjárhagserfiðleikum.

### Sýslumaðurinn í Keflavík

Umboð Almannatrygginga er staðsett hjá Sýslumanninum í Keflavík. Almannatryggingar skiptast í tvær stofnanir, Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands. Báðar heyrja undir velferðarráðuneytið.



**Hlutverk Tryggingastofnunar** er að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni er falið að framkvæma. Helstu verkefni:

- **Styrkir vegna sérstakra aðstæðna** - Allir geta átt rétt á fjárhagslegri aðstoð við sérstakar aðstæður, eins og vegna endurhæfingar og við andlát maka.
- **Stuðningur við barnafjölskyldur** - Tryggingastofnun veitir barnafjölskyldum ýmsa aðstoð. Aðstoð þessa má flokka í almenna aðstoð til foreldra vegna barna og sértæka aðstoð til foreldra langveikra barna.
- **Örorkulífeyrir og tengdar greiðslur** - Tryggingastofnun veitir einstaklingum sem ekki geta unnið fulla vinnu sökum skertrar starfsgetu ýmsa aðstoð. Til hennar telst til dæmis örorkulífeyrir, styrkir vegna bifreiðamála og aðrar tengdar greiðslur.
- **Ellilífeyrir og tengdar greiðslur** - Allir sem verða 67 ára og hafa búið og starfað á Íslandi í tilskilinn tíma eiga mögulegan rétt til ellilífeyris. Jafnframt geta eldri borgarar átt rétt á ýmsum styrkjum og uppbótum.

**Markmið laga um sjúkratryggingar** er að tryggja aðstoð til verndar heilbrigði og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu óháð efnahag. Helstu verkefni:



- Sjúkratryggingar Íslands greiða hluta af kostnaði eða allan kostnað þeirra sem eru sjúkratryggðir vegna heilbrigðisþjónustu.
- Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða hluta kostnaðar vegna tannlækninga fyrir aldraða, lífeyrisþega og börn.
- Sjúkradagpeningar eru greiddir til fólks sem er óvinnufært vegna veikinda sinna og fær þess vegna engin laun.
- Sjúkratryggingar Íslands greiða bætur vegna slysa. Slysatryggingar eru mikilvægur hluti af íslenska heilbrigðiskerfinu.
- Sjúklingatrygging veitir sjúklingum rétt til bóta fyrir líkamlegt eða geðrænt heilsutjón sem verður vegna meðferðar eða rannsóknar.
- Sjúkratryggðir einstaklingar geta átt rétt á greiðslu ferðakostnaðar vegna sjúkdómsmeðferða sé viðeigandi þjónusta ekki í boði á heimaslóðum

### Tengiliðir

- Linda Rós Björgvinsdóttir umboðsstjóri, s. 420 2404  
Netfang: [lindaros@syslumenn.is](mailto:lindaros@syslumenn.is)

- Guðbjörg Kristinsdóttir, Sjúkratryggingar, s. 420 2405  
Netfang: [gudbjorgk@syslumenn.is](mailto:gudbjorgk@syslumenn.is)
- Harpa Ólafsdóttir, Tryggingastofnun, s. 420 2406  
Netfang: [harpao@syslumenn.is](mailto:harpao@syslumenn.is)

Tryggingastofnun ríkisins og Sjúkratryggingar Íslands reka sameiginlega afgreiðslu, þjónustu og upplýsingagjöf við viðskiptavinum sína. Opíð er virka daga klukkan 8.30 til 15.00.

- Sýslumaðurinn í Keflavík, Vatnsnesvegi 33, Reykjanesbæ. S. 420 2400  
Netfang: [keflavik@syslumenn.is](mailto:keflavik@syslumenn.is)

## 9 Þjóðkirkjan

---

Kirkjur á Suðurnesjum bjóða upp á ýmis úrræði á sviði velferðarmála. Viðtalstímar við presta eru ávallt í boði sem og fjölbreytt safnaðarstarf eins og til dæmis sjálfbóðastarf, foreldramorgna, ýmsa fræðslu og fyrirlestra, kyrrðarstundir, æskulýðsstarf, barnastarf og fleira. Suðurnesjabúar sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum eiga kost á að leita til Velferðarsjóðs Suðurnesja en sjóðurinn hefur meðal annars aðstoðað fjölskyldur við lyfjakostnað, leikskólagjöld, skólamat, auk þess að deila út matarkortum.



- Umsjón með Velferðarsjóði Suðurnesja hefur Hjördís Kristinsdóttir, s. 846 0621.  
Netfang: [hjordis@keflavikurkirkja.is](mailto:hjordis@keflavikurkirkja.is)

### Keflavíkurkirkja

- Sr. Skúli S. Ólafsson sóknarprestur, s. 420 4301 og 846 6714. Netfang: [skuli@keflavikurkirkja.is](mailto:skuli@keflavikurkirkja.is)
- Sr. Erla Guðmundsdóttir, s. 420 4300 og 849 2194.  
Netfang: [erla@keflavikurkirkja.is](mailto:erla@keflavikurkirkja.is)
- Sr. Sigfús B. Ingvason, s. 420 4302 og 897 3845.  
Netfang: [srsigfus@keflavikurkirkja.is](mailto:srsigfus@keflavikurkirkja.is)

Viðtalstímar presta eru í Kirkjulundi þriðjudaga til fimmtudaga klukkan 10.00–12.00.

### Njarðvíkurkirkja

- Sr. Baldur R. Sigurðsson sóknarprestur, s. 421 5013 og 897 8391.  
Netfang: [srbrs@ismennt.is](mailto:srbrs@ismennt.is)

Viðtalstímar í Ytri-Njarðvíkurkirkju eru þriðjudaga til fimmtudaga klukkan 11.00–12.00.

### Útskála- og Hvalsnessókn

- Sr. Sigurður G. Sigurðsson sóknarprestur, s. 422 7025 og 895 2243.  
Netfang: [srsgs@simnet.is](mailto:srsgs@simnet.is)

Viðtalstímar eftir samkomulagi.

### Grindavíkurkirkja

- Sr. Elínborg Gísladóttir sóknarprestur, s. 426 8675 og 696 3684.

Viðtalstímar í Grindavíkurkirkju eru þriðjudaga til fimmtudaga klukkan 10.30–12.00.

### Kálfatjarnarkirkja

- Sr. Kjartan Jónsson sóknarprestur, s. 565 0022 og 862 2220.

## 10 Stéttarfélög á Suðurnesjum

---

Helstu verkefni stéttarfélaganna er að vinna að hagsmunum launafólks og gæta þess að ekki sé gengið á rétt þeirra hvað varðar kjör, réttindi og aðbúnað við störf. Stéttarfélög sjá einnig um málefni sem snúa að sjúkra- og slysatryggingum, símenntun, orlofi og fræðslumálum.

Stærstu stéttarfélög á Suðurnesjum eru:

- [Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis](#)
- [Verzlunarmannafélag Suðurnesja](#)
- [Starfsmannafélag Suðurnesja](#)
- [Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis](#)
- [Félag iðn- og tæknigreina](#)
- [Rafiðnaðarsamband Íslands](#)
- [Verkalýðsfélag Grindavíkur](#)



## 11 Þriðji geirinn – fræðsla og forvarnir

### Rauði krossinn

Suðurnesjadeild Rauða krossins starfar að ýmsum verkefnum sem miða að því að koma atvinnuleitendum til virkni á ný. Eitt þessara verkefna er Ungt fólk til athafna (UFTA) sem unnið er í samvinnu við Vinnumálastofnun. Félagsvinir er annað verkefni á vegum Rauða krossins sem miðar að því að virkja og styrkja atvinnuleitendur með nýjum leiðum þar sem áhersla er lögð á jafningjafræðslu. Einnig býður Rauði krossinn upp á ungmennastarf (URKÍ-S) fyrir börn og unglinga á aldrinum 10–16 ára sem vilja starfa að góðum og uppbyggjandi verkefnum í sjálfböðastarfi.



Hjá Rauða krossinum fer einnig fram sjálfböðastarf, heimsóknarþjónusta og ýmis fræðslumál og námskeiðahald eins og til dæmis barnfóstrunámskeið og skyndihjálparnámskeið.

- Skrifstofa Rauða krossins á Suðurnesjum er opin virka daga klukkan 13.00–16.30. Síminn er 420 4700 - [www.redcross.is](http://www.redcross.is)  
Rauði krossinn, Smiðjuvöllum 8, Reykjanesbæ

### Proskahjálp á Suðurnesjum

Proskahjálp á Suðurnesjum gætir hagsmuna fatlaðra einstaklinga og aðstandenda þeirra. Proskahjálp rak dagvistunina Ragnarsel fyrir fatlaða einstaklinga upp að 16 ára aldri frá árinu 1980 en sveitarfélögin tóku við þeim rekstri 1. janúar 2011. Síðan þá hafa samtökin átt fulltrúa í þjónusturáði um málefni fatlaðra á Suðurnesjum. Proskahjálp hefur starfrækt Dósasel um árabíl og gerir enn. Þar starfa fatlaðir við endurvinnslu. Markmið Proskahjálpar er að efla stuðning við fatlaða og aðstandendur þeirra. Þá er stefnt að því að auka félagslegt starf fyrir fatlaða innan samtakanna og endurvekja tímaritaútgáfu félagsins þannig að fatlaðir taki þátt í gerð blaðsins.



- Sigurður Ingi Kristófersson formaður, s. 421 5331  
Netfang: [siggi@vss.is](mailto:siggi@vss.is) - [www.throskahjalp.is](http://www.throskahjalp.is)  
Proskahjálp á Suðurnesjum, Suðurvöllum 9, Reykjanesbæ

### AA-samtökin

Fundir hjá AA-samtökunum eru haldnir daglega í Reykjanesbæ að Klapparstíg 7. Á mánudagskvöldum eru fundir í Kirkjulundi fyrir nýliða. Fundir í Grindavík eru tvisvar í viku í gömlu kirkjunni við Víkurbraut. Á vefsíðu samtakanna er að finna fundarskrá.



Fundir Al-Anon fara fram í húsnæði Lundar, Suðurgötu 15 í Reykjanesbæ á sunnudagskvöldum kl. 21.00.  
[www.aa.is](http://www.aa.is)

### Hjálpræðisherinn

Súpueldhús og pokamarkaður alla virka daga klukkan 11.00–17.00 hjá Hjálpræðishernum, Hafnargötu 50 í Reykjanesbæ.

- Ester Daniélsdóttir forstöðumaður, s. 421 7090  
Netfang: [ester@herinn.is](mailto:ester@herinn.is)  
[www.herinn.is](http://www.herinn.is)

### Fjölskylduhjálp Íslands

Úthlutar mat á fimmtudögum milli klukkan 16.00–18.00 í Grófinni 10c. Lokað er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Hver einstaklingur getur sótt aðstoð 1 sinni í mánuði.

- [www.fjolskylduhjalpin.net](http://www.fjolskylduhjalpin.net)

## 12 Félagsstarf eldri borgara

---

### Félag eldri borgara á Suðurnesjum FEB

Félag eldri borgara á Suðurnesjum er frjáls félagsskapur fyrir 60 ára og eldri. Allt starf er unnið af félagsmönnum í sjálfboðavinnu. Þjónustumiðstöðin á Nesvöllum er félagsmiðstöð Félags eldri borgara (FEB) og er dagskrá þess unnin af félaginu. Boðið er upp á tómstundastarf við allra hæfi.

- Eyjólfur Eysteinnsson formaður, s. 896 1064  
Netfang: [eye@simnet.is](mailto:eye@simnet.is)

Viðtalstímar: Miðvikudagar kl. 11:00 - 12:00

### Miðhús í Sandgerði

Miðhús er þjónustumiðstöð eldri borgara í Sandgerði.  
Suðurgötu 17-21, s. 423 7949

### Álfagerði í Vogum

Álfagerði er íbúða- og þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara í Vogum.  
Akurgerði 25, s. 440 6228

### Miðgarður í Grindavík

Félagsstarf eldri borgara í Grindavík fer fram í Miðgarði.  
Austurvegi 5, s. 426 8014

### Auðarstofa í Garði

Félagsstarf eldri borgara í Garði fer fram í Auðarstofu.  
Gerðarvegi 1, s. 774 5800